

# Skýrsla vegna úthlutunar úr kennslumálasjóði Háskóla Íslands árið 2014 fyrir verkefnið Menntabúðir – trix, tækni og tengslanet

Júní 2015

Sólveig Jakobsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ (MVS)  
Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, verkefnisstjóri Kennslumiðstöð við HÍ, UT-torg  
Svava Pétursdóttir, nýdoktor, verkefnisstjóri, Menntavísindasviði HÍ, Náttúrutorg

## Markmið

Meginmarkmiðið með verkefninu var að þróa áfram kennsluaðferð sem nefnd hefur verið menntabúðir (Educamp), halda um 12 menntabúðir fyrir kennara og nemendur við Menntavísindasvið og á vettvangi, gera skýrslu um reynsluna (eða skrifa grein/ar), og halda til haga gagnlegum upplýsingum, kynningum og kennslu frá þátttakendum og gera þær aðgengilegar á netinu t.d. á UT-torgi.

## Undirbúningur

Styrkur fékkst fyrir verkefnið um miðjan apríl 2014 og í kjölfarið var hafist handa við undirbúning búðanna. Byggt var á reynslu sem hafði safnast í sarpinn skólaárið 2013-2014 en þá voru



menntabúðir haldnar í sex skipti á vegum UT-torgs og Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun við Menntavísindasvið í samvinnu við fleiri

aðila. Dagsetningar voru valdar sem tengdust vel staðlotum námskeiða á Menntavísindasviði<sup>1</sup> og/eða aðra atburði svo sem verðlaunaveitingar fyrir eTwinning verkefni. Búðirnar voru auglýstar með ýmsum hætti, t.d. á UT-torgi, á samfélagsmiðlum og póstlistum (MVS). Ákveðið var að halda sig við tímann um kl. 16-18 í takti við ábendingar frá fyrra ári um að sá tíma að deginum myndi henta starfandi kennurum best. Valin voru þemu sem talin voru áhugavekjandi og mikilvægt að fjalla um. Í sumum tilvikum var



ákveðið að bjóða ákveðnum aðilum sem vitað var að væru framarlega á mismundandi sviðum að mæta. Bent var á sérstakar skráningarsíður (í GoogleDocs) þar sem fólk gat gefið til kynna mætingu fyrir búðirnar og hugsanleg framlög.

## Menntabúðir, framkvæmd og þátttaka

Taflan gefur yfirlit yfir þær búðir sem haldnar voru ásamt fjölda framlaga og áætluðum fjölda

<sup>1</sup> Upplýsingatækni í menntun og skólaþróun; Nám og kennsla á netinu; og Upplýsingatækni og miðlun.

Þátttakenda samkvæmt forskráningu. Sumir mættu ekki sem höfðu skráð sig en í staðinn voru aðrir sem komu án þess að hafa skráð sig fyrirfram. Því eru þessar tölur líklega nokkuð nærri lagi.

Dagsetning	Þema	Fjöldi framlaga	Fjöldi forskráðra þátttakenda
18.9.2014	Snjall- og fartækni	8	37
16.10.2014	eTwinning – rafrænt skólasamstarf	12	34
30.10.2014	Sköpun	9	47
13.11.2014	Vendikennsla	6	35
27.11.2014	Opið/Brot af því besta	5	24
3.2.2015	BETT	8	39
3.3.2015	Skýjalausnir	6	29
23.3.2015	Samfélagsmiðlar	5	23
27.4.2015	Sköpun og samskipti	10	27

Þegar á hólminn var komið var fyrirkomulagið kynnt og dagskrá mótuð. Þjarnís Fjóra Jónsdóttir sá yfirleitt um að starta búðunum ein, stundum með öðrum tengdum torgunum eða Sólveigu Jakobsdóttur. Viðstaddir voru hvattir til að bæta inn framlögum og voru þá notaðar tæknilausnir s.s. Padlet eða Titanpad þar sem þátttakendur gátu farið á uppgefnar vefslóðir og bætt við upplýsingum sem hægt var að raða saman. Dagskráin var tvískipt þannig að nokkrar stöðvar voru settar upp í hvoru „holli“ þar sem fólk gat valið sér hvað það vildi kynna sér, sest niður og rætt við viðkomandi. Ein undantekning var á þessu fyrirkomulagi en þá settust allir þátttakendur saman í hring og kynnarnir ávörpuðu allan hópinn, ýmist úr sínum sætum eða nýttu skjávarpann. Flestir mættu með eigin tæki en einnig stóð þátttakendum til boða að nýta spjalddölvur (iPad eða android) úr spjalddölvusetnum í eigu Menntavísindasviðs. Í lok menntabúða voru yfirleitt



almennar umræður um reynsluna og/eða spurningar settar fram t.d. í Kahoot forritinu um reynslu þátttakenda.



Stundum voru smávægilegir tæknilegir örðugleikar sem upp komu sem leyst var úr. Ljóst er að mjög mikilvægt er að tryggja góða nettengingu og ef um er að ræða lausan netbúnað og netkort sem þarfnast stöðugt áfyllingar getur ýmislegt farið úrskeiðis. Halda þarf mjög vel utanum um skráningu á búnaðinum til að tryggja að hann sé til reiðu á viðkomandi tíma og að netkort séu áfyllt. Heppilegra væri að allir gætu farið beint inn á skólanetið á gestaaðgangi.

Þátttakendur komu allstaðar að af landinu og ánægjulegt var að fólk virtist ekki setja fyrir sig að keyra í 2-3 klst. til að taka þátt í Menntabúðum. Allir sem mættu tóku virkan þátt í búðunum ýmist með því að kynna sjálfir eða hlusta á kynningu hjá öðrum. Í kynningunum sköpuðust miklar og góðar umræður þar sem oftast en ekki kom í ljós að margir voru að glíma við sömu hlutina og höfðu jafnvel lent á sömu hindrunum.



### Afrakstur og árangur

Bjarndís Fjóla Jónsdóttir, verkefnisstjóri UT-torgs hélt utanum um auglýsingar, skráningar og fréttaflokkun frá menntabúðunum. Hún stjórnaði einnig Twitter umræðum í Menntaspjalli í janúar (sjá <http://ingvihrannar.com/menntaspjall-11-januar-um-menntabudir-edcamp/>).<sup>2</sup> Í fréttum á UT-torgi má sjá myndir frá búðunum og skoða hvað var kynnt, sjá meðfylgjandi dæmi:

18.9. 2014 Snjall- og fartækni

<http://uttorg.menntamidja.is/2014/09/18/menntabudir-i-haust-2014/>

16.10.2014 eTwinning – rafrænt skólasamstarf

<http://uttorg.menntamidja.is/2014/10/18/menntabudir-ii-haust-2014-frettir/>

30.10.2014 Sköpun

<http://uttorg.menntamidja.is/2014/10/31/menntabudir-iii-haust-2014-frettir/>

13.11.2014 Vendikennsla

<http://uttorg.menntamidja.is/2014/11/16/menntabudir-iv-frettir/>

27.11.2014 Brot af því besta

<http://uttorg.menntamidja.is/2014/12/23/menntabudir-v-frettir/>

3.2.2015 BETT

<http://uttorg.menntamidja.is/2015/02/04/menntabudir-3-februar-frettir/>

3.3.2015 Skýjalausnir

<http://uttorg.menntamidja.is/2015/07/03/menntabudir-4-frettir/>

---

<sup>2</sup> Menntaspjall hefur verið haldið reglulega á undanförunum misserum í samvinnu Menntamiðju og Ingva Hrannars Ómarssonar annan hvern sunnudagsmorgun. Fjölmarginir taka þátt í þessum umræðum og er stór hluti þátttakenda starfandi kennarar.

23.3.2015 Samfélagsmiðlar

<http://uttorg.menntamidja.is/2015/07/03/menntabudir-5-frettir/>

27.4.2015 Sköpun, samskipti

<http://uttorg.menntamidja.is/2015/07/03/menntabudir-6-frettir/>

Í deiglunni er að koma afrakstri (umfjöllun um tæknimöguleika og nýtingu þeirra) á framfæri með markvissari hætti ásamt afrakstri úr menntabúðum sem einnig hafa verið haldnar meðal grunn- og framhaldsnema.

Umræður meðal þátttakenda í lok menntabúða leiddu í ljós að þeir eru yfirleitt mjög ánægðir með þetta kennslufyrirkomulag. Áhugavert er að sjá hvernig þessi aðferð hefur tekið að breiðast út. Sem dæmi má nefna menntabúðir sem hafa verið auglýstar í Hólabrekkuskóla

<http://reykiavik.is/frettir/menntabudir-um-upplýsingataekni-i-holabrekkuskola> í Árskóla

<https://tackk.com/menntabudir> og í Brekkuskóla

<http://uttorg.menntamidja.is/2015/05/14/menntabudir-i-brekkuskola/>. Þá má nefna að þessi námsaðferð hefur verið nýtt í símenntunarnámskeiði á vegum Menntamiðju (Samspili 2015) sem styrkt er af mennta- og menningarmálaráðuneytinu og um 350 manns hafa skráð sig á.

Sólveig Jakobdóttir kynnti aðferðina um miðjan júní í vinnustofu á alþjóðlegri ráðstefnu (European Distance and E-learning network í Barcelona). Titill framlagsins var Educamps in education: Enjoyable „over-the-shoulder“ learning to show and share ICT practices. Þar var meðal annars fjallað um ofangreinda reynslu. Sólveig ásamt Svövu Pétursdóttur, Bjarndísi Fjólu Jónsdóttur og Þorbjörgu Guðmundsdóttur eru einnig með grein í smíðum<sup>3</sup> og er gagnasöfnun fyrirhuguð meðal allra þátttakenda í ofangreindum menntabúðum um reynslu þeirra af aðferðinni. Við erum þegar farnar að taka saman niðurstöður úr gögnum sem liggja fyrir og þar sést meðal annars, þegar skoðuð er reynslan á undanförunum tveimur árum, að um er að ræða 458 skráningar 256 einstaklinga. Af þeim mættu 165 einu sinni (64%) og 46 tvisvar (18%) en 18% þrisvar eða oftar. Rúmur helmingur þeirra sem mættu voru kennarar eða starfsfólk á grunnskólastigi (53%) en 11% tengdir framhaldsskólastiginu, 4% leikskólastiginu, 6% háskólastiginu (kennarar eða annað starfsfólk), 7% háskólanemar og 14% öðrum vinnustöðum. Við munum meðal annars skoða hvernig þátttakendur meta reynsluna og hvort og þá hvernig hún hefur nýst þeim í framhaldinu.

### **Kostnaður, áætlun og nýting**

Sótt var um styrk að upphæð kr. 682.000. Styrkur úr Kennslumálasjóði fékkst um miðjan apríl 2014 að upphæð kr. 550.000. Í töflunni hér fyrir neðan er sýnd ráðstöfun styrks.

---

<sup>3</sup> Á ensku sem við stefnum á að fá birta í virtu alþjóðlegu tímariti IRRODL (sjá irrodl.org)

Kostnaðarliður	Áætlun	Raun
Bjarndís Fjóra Jónsdóttir, laun (utanumhald, skipulagning, vefhönnun, þróunarvinna)	300.000	Um 300.000
Þorbjörg Guðmundsdóttir, laun. Aðstoð af ýmsu tagi (sama + skýrslugerð)	100.000	Þorbjörg kom ekki að vinnunni á þessu skólaári
Tryggvi Thayer, Svava Pétursdóttir, Þorbjörg Þorsteinsdóttir, Hanna Rún Eiríksdóttir, laun. Undirbúningur og kennsla, vinna á staðnum	100.000	Um 100.000
Hluti kostnaðar við húsnæði (stofu H207)	150.000	0 Þar sem hægt var að tengja allar búðir við ákveðin námskeið og bjóða nemendum þá til þátttöku í viðkomandi búðir þurfti ekki að greiða þennan kostnað
4G netbúnaðar frá NOVA og netkort	32.000	0 Var fjármagnað eftir öðrum leiðum á vegum Smiðju á Menntavísindasviði.
Samtals	682.000 (styrkur 550.000)	400.000
Óráðstafaður hluti styrks kr. 150.000		

Viðræður voru við Menntavísindasvið um að kostnaður vegna húsnæðis yrði ekki tekinn af styrkupp hæðinni heldur mætti nýta í launakostnað þar sem vinna vegna búðanna hefur verið töluvert umfangsmeiri en gert var ráð fyrir í upphafi. Einnig væri þá mögulegt að nýta þá upphæð til að bjóða upp á stærri atburð af þessum toga í lok sumars eða næsta haust („super-menntabúðir“) hugsanlega utan Reykjavíkur í heilan dag eða um helgi. Því mun síðasta greiðslan um 150.000 kr. fara í annan hvorn eða báðan þessara liða.

Ef nánari upplýsinga er óskað, vinsamlegast hafið samband við undirritaða. Við erum nú að ganga frá öllum greiðslum svo gott væri að fá afganginn af úthlutun úr Kennslumálasjóði afgreiddan sem allra fyrst inn á viðfang RANNUM.

Reykjavík 10. júlí 2015



Sólveig Jakobsdóttir, PhD

Dósent fjarkennslufræðum/Associate professor distance education Forstöðurmaður  
rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun/Head of Centre for Educational Research on ICT  
and Media Menntavísindasvið Háskóla Íslands/University of Iceland, School of Education

Sími/Tel: (00354)525 5568; (00354)663 7561

Netfang/E-mail: [soljak@hi.is](mailto:soljak@hi.is)

Vefsíða/URL: <http://uni.hi.is/soljak>